

Verkefnisáætlun

Forsætisráðuneytið			
Skrifstofa:	Skrifstofa jafnréttismála	Málsnúmer:	FOR19030217
Heiti verkefnis:	Heildarendurskoðun jafnréttis laga		
Dagsetningar		Núverandi staða verkefnis	
Upphaf verkefnis:	01/07/2019	<input checked="" type="radio"/> Í vinnslu	
Áætluð lok verkefnis:	15/06/2020	<input type="radio"/> Í bið	
Enda dagsetning *	01/09/2020	<input type="radio"/> Lokið	
Verkefni lokið		<input type="radio"/> Hætt við verkefni	
Dagsetningin hvenær verkefni verður orðið ónothæft / óþarft			
Markmið og lýsing verkefnis			
Markmið verkefnis			
Ný jafnréttislög.			
Lýsing verkefnis			
<p>Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er sérstakur kafli um jafnréttismál . Starfshópur um úttekt á þróun, framkvæmd og eftirfylgni íslenskrar jafnréttislöggjafar og stjórnýslu jafnréttismála sem skipaður var 13. október 2017, endurskipaður með nýju erindisbréfi 22. mars 2018, mun skila forsætisráðherra skýrslu sumarið 2019 um vinnu sína. Í þeirri skýrslu verður farið yfir þróun íslenskra jafnréttislöggjafar frá fyrstu jafnréttislögunum til dagsins í dag auk þess sem í sérkafla hafa verða dregin saman þau atriði sem þarfnast sérstakrar skoðunar. Þá verða í skýrslunni viðaukar með greinargerð um fyrsta kafla jafnréttis laga 10/2008 sem lúta að umfjöllun og tillögum til úrbóta til að bæta virkni og framkvæmd laganna, auk samantektar á jafnréttislöggjöf Norðurlanda .</p> <p>Forsætisráðherra hefur ákveðið að á grunni fyrrnefndrar skýrslu verði skipaður stýrihópur sem vinni frumvarp til nýrra heildarlaga um jafnrétti kynjanna en fyrstu lög um jafnrétti kvenna og karla voru sett árið 1976, núgildandi lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/ 2008, tóku gildi 2008 en hefur verið breytt nokkrum sinnum frá setningu, síðast vegna jafnlaunavottunar árið 2017. Stýrihópurinn verði skipaður skrifstofustjóra skrifstofu jafnréttismála , lögfræðingi á skrifstofu jafnréttismála, ráðgjafa ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum og lögfræðingi frá félagsmálaráðuneytinu. Í erindisbréfi stýrihóps komi nánar fram afmörkun verkefnisins og tímamörk en stefnt skal að því að frumvarp til nýrra heildarlaga verði lagt fram á haustþingi 2020. Verkefnið skiptist í nokkra fasa og mikilvægt er að ferlið feli í sér þátttöku hagsmunaaðila , sérfræðinga og annarra sem láta sig málið varða á öllum stigum málsins . Áætlað er að drög að verkefnisáætlun stýrihóps verði sett í samráðsgátt í júlí 2019 í tengslum við áform um nýja lagasetningu og kallað eftir ábendingum í sumar. Brýnt er orðið að hefja vinnu við endurskoðun laganna og hafa ýmsar ábendingar komið um atriði sem þyrfti að skoða sérstaklega og skerpa á, til dæmis viðurlagaþætti laganna, skýrari framkvæmd jafnlaunavottunar auk fleiri atriða . Þá hefur forsætisráðherra óskað eftir að vinnunni verði hraðað svo unnt verði að koma nýju frumvarpi til Alþingis á settu tímamarki .</p> <p>Gert er ráð fyrir að framangreindur stýrihópur vinni með fjórum undirhópum um afmörkuð viðfangsefni þar sem lög nr. 10/2008 ná yfir mörg svið og hafa ýmsa ólíka snertifleti. Tillögur að fulltrúum hvers undirhóps fyrir sig má sjá hér fyrir neðan sem og viðfangsefnin sjálf . Lögfræðingur skrifstofu jafnréttismála verði tengiliður við undirhópana . Jafnframt er gert ráð fyrir að lögfræðingur Jafnréttisstofu starfi með stýrihópnum auk annarra á skrifstofu jafnréttismála eftir þörfum , meðal annars að undirbúningi fyrirhugaðs upphafsfundar á haustmánuðum 2019. Ráðherranefnd um jafnréttismál verði gerð reglulega grein fyrir stöðunni við vinnuna að ósk forsætisráðherra .</p>			
<i>Undirhópar:</i>			

1. Launajafnrétti og vinnumarkaður
2. Kæruleiðir / viðurlagakafli laganna
3. Hlutverk Jafnréttisráðs
4. Réttindi og skyldur og bann við mismunun á grundvelli kyns

Nánar um hvern undirhóp fyrir sig:

A. Launajafnrétti og vinnumarkaður

Fulltrúar frá:

Félagsmálaráðuneyti, Vinnumálastofnun, Vinnueftirliti, Samtökum atvinnulífsins (SA), Alþýðusambandi Íslands (ASÍ), BSRB, Bandalagi háskólamanna (BHM), Kennarasambandi Íslands (KÍ), Sambandi íslenskra sveitarfélaga, starfsmannaskrifstofu Kjara- og mannauðssýslu fjármálaráðuneytis og Jafnréttisstofu.

Þegar ræða á jafnlaunavottun bætast við fulltrúar frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti, faggildingarsviði Einkaleyfastofu og Staðlaráði Íslands. Eftir þörfum: skráðir vottunaraðilar/ráðgjafar um jafnlaunavottun.

Ákvæði núgildandi jafnréttis laga til umræðu:

- 8.-11. liður 2. gr. um skýringu á orðunum *laun, kjör, vottun og staðfesting*,
18. gr. um vinnumarkað,
19. gr. um launajafnrétti,
20. gr. um laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun,
21. gr. um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs,
22. gr. um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni,
25. gr. um bann við mismunun í kjörum,
26. gr. um bann við mismunun í starfi og við ráðningu,
27. gr. um bann við uppsögn o.fl. vegna kæru eða leiðréttingarkröfu.

B. Kæruleiðir og viðurlagakafli laganna

Fulltrúar frá:

Kærunefnd jafnréttismála, Jafnréttisstofu, skrifstofu yfirstjórnar forsætisráðuneytis, dómsmálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti.

Ákvæði núgildandi jafnréttis laga til umræðu:

- 5.-7. gr. um kærunefnd jafnréttismála,
- 5.-11. mgr. 4. gr. um verkefni Jafnréttisstofu (í tengslum við mál fyrir kærunefnd jafnréttismála og dagsektir),
31. og 32. gr. um bætur fyrir fjártón og miska/sektir.

C. Hlutverk Jafnréttisráðs og fleiri hlutverk varðandi stjórnýslu jafnréttismála

Fulltrúar frá:

Jafnréttisstofu, Jafnréttisráði, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einum jafnréttisfulltrúa stjórnarráðsins tilnefndum af hópi jafnréttisfulltrúa, mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Ákvæði nógildandi jafnréttis laga til umræðu:

- 4. gr. um verkefni Jafnréttisstofu,
- 8.-9. gr. um Jafnréttisráð,
- 10. gr. um jafnréttisþing (og jafnréttisskýrslu),
- 11. gr. um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum,
- 12. gr. um jafnréttisnefndir sveitarfélaga,
- 13. gr. um jafnréttisfulltrúa,
- 14. gr. um jafnréttisráðgjafa,
- 15. gr. um þátttöku í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum hins opinbera,
- 16. gr. um greiningu á tölfræðiupplýsingum,
- 17. gr. um kynjasambættingu,
- 23. gr. um menntun og skólastarf.

D. Bann við mismunun á grundvelli kyns .

Fulltrúar frá:

Jafnréttisstofu, Jafnréttisráði, Mannréttindaskrifstofu Íslands, háskólasamfélaginu, atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneyti (vegna almenns banns við mismunun), Samtökum fjármálafyrirtækja (vegna banns við mismunun í váttryggingastarfsemi og annarri fjármálaþjónustu sbr. mismunun í tengslum við vörukaup og þjónustu), samtökum verslunar og þjónustu (vegna banns um mismunun í tengslum við vörukaup og þjónustu), mennta-og menningarmálaráðuneytinu / Kennarasambandi Íslands (vegna banns við mismunun í skólum og uppeldisstofnunum).

Ákvæði nógildandi jafnréttis laga til umræðu:

- 24. gr. um almennt bann við mismunun,
- 24. gr. a um bann við mismunun í tengslum við vörukaup og þjónustu,
- 28. gr. um bann við mismunun í skólum og á uppeldisstofnunum,
- 29. gr. um auglýsingar,
- 30. gr. um bann við afsali réttar.

Aðrir sem boðaðir verða á fundi eftir þörfum sem og fyrirhugaðan upphafsfund .

Atriði sem verða m.a til umræðu á fyrirhuguðum upphafs fundi: Hvað vantar í íslenska jafnréttislöggjöf? Þróun í tengslum við breytingar á íslensku samfélagi og alþjóðlega þróun. Hvernig er best að huga að stöðu þeirra sem standa utan hefðbundins kynjatvíhyggjukerfis sbr. nýsamþykkt lög um kynrænt sjálfræði?

Fulltrúar frá hagsmunasamtökum sem láta sig jafnrétti varða, t.d. Kvenréttindafélagi Íslands, Öryrkjabandalaginu, Samtökunum '78, W. O. M. E. N in Iceland - Samtök kvenna af erlendum uppruna.

Verkefnishópur <u>Hlutverk í verkefni</u>	<u>Nafn</u>
Verkefniseigandi	Forsætisráðuneytið
Verkefnisstjóri:	Steinunn Valdís Óskarsdóttir
Bakharl:	Ráðherranefnd um jafnréttismál verður gerð reglulega grein fyrir stöðunni.

<p>Pátttakendur:</p>	<p>Stýrihópur verður skipaður ráðgjafa ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, skrifstofustjóra skrifstofu jafnréttismála í forsætisráðuneytinu, lögfræðingi skrifstofu jafnréttismála í forsætisráðuneytinu og lögfræðingi úr félagsmálaráðuneytinu. Lögfræðingur Jafnréttisstofu mun starfa með stýrihópi.</p>
<p>Pátttakendur:</p>	<p>Samtök atvinnulífsins, Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólamanna, BSRB, Kennarasamband Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, starfsmannaskrifstofa Kjara- og mannauðssýslu fjármálaráðuneytis, Vinnumálastofnun, Vinnueftirlitið, Jafnréttisráð, jafnréttisfulltrúar stjórnarráðsins, kærunefnd jafnréttismála, dómsmálaráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Mannréttindaskrifstofa Íslands, háskólasamfélagið, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, hagsmunasamtök sem láta sig jafnrétti varða, t.d. Kvenréttindafélag Íslands, Öryrkjabandalagið, Samtökin '78, W. O. M. E. N in Iceland - Samtök kvenna af erlendum uppruna o. fl.</p>
<p>Pátttakendur:</p>	<p>.</p>
<p>Tímaáætlun, áfangaskipting <i>Júlí - ágúst 2019</i></p> <p>Verkefnisáætlun í samráðsgátt</p> <p><i>Ágúst - september 2019.</i></p> <p>Erindisbréf stýrihóps sent út.</p> <p>Opinn fundur í upphafi vinnunnar. Tilteknir aðilar boðaðir sérstaklega en fundurinn verður jafnframt auglýstur.</p> <p>Verkefnisáætlun vinnuhópa og afmörkun þeirra skipulögð. Skipað í vinnuhópa með hagsmunaaðilum.</p> <p><i>September - október 2019.</i></p> <p>Unnið úr athugasemdum aðila. Vinnuhópar hefja störf.</p> <p><i>Október 2019 - janúar 2020.</i></p> <p>Unnið áfram í vinnuhópum. Stöðufundir með stýrihópi eftir þörfum.</p> <p><i>Janúar 2020 - maí 2020.</i></p> <p>Fundur stýrihóps með ábyrgðaraðilum vinnuhópa til að fara yfir álitafni.</p> <p><i>Maí 2020 - júní 2020.</i></p> <p>Stýrihópur vinni að frumvarpi í samráði við ábyrgðaraðila undirhópa.</p> <p><i>Júní - sept 2020.</i></p>	

Drög að frumvarpi í samráðsgátt. Unnið úr athugasemdum.

Haut 2020.

Frumvarp lagt fram á Alþingi.

Kostnaðaráætlun Kostnaðarliður	Upphæð
	1.000.000,00 krónur
	0,00 krónur
Samtals:	1.000.000,00 krónur
Aðrar athugasemdir og leiðbeiningar	
Mat við lok verkefnis Ný jafnréttislög.	